



## Upplýsingar um nám samhliða greiðslum atvinnuleysisbóta og greiðslum úr ábyrgðasjóði launa.

Við ráðleggjum öllum sem eru atvinnulausir í kjölfar gjaldþrots vinnuveitanda og eru jafnframt skráð nám að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa Vinnuáæstofnunar til að kanna hvað er best að gera í stöðunni.

**Nám hefur ekki áhrif á rétt einstaklinga til greiðslna úr Ábyrgðasjóði launa vegna vangoldinna launa eða launa í uppsagnarfresti við gjaldþrot vinnuveitanda. Námsþátttaka hefur því ekki áhrif á endanlegt uppgjör á launakröfum hjá Ábyrgðasjóðinum.**

Þeir sem sækja um atvinnuleysisbætur á uppsagnarfresti í kjölfar gjaldþrots og framselja Atvinnuleysisstryggingasjóði þann hluta launakröfu sinnar á hendur Ábyrgðasjóði launa þurfa hins vegar að uppfylla skilyrði laga um atvinnuleysisstryggingar.

Í 52. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar eru takmarkanir á því hversu miklu námi einstaklingur getur stundað samhliða atvinnuleysisbótum. Í stuttu máli eru reglur að varða nám með atvinnuleysisbótum eftirfarandi:

**Atvinnuleitendum er heimilt að stunda nám á háskólastigi sem nemur að hámarki 10 ECTS-einingum á námsönn án skerðinga á greiðslum.**

**Allt nám umfram 10 ECTS einingar skerðir atvinnuleysisbætur í réttu hlutfalli við fjölda námseininga, t.d. 15 ECTS eininga nám skerðir atvinnuleysisbætur um 50%. Réttur til greiðslu atvinnuleysisbóta fellur niður við 20 ECTS eininga nám.**

Bent er á að þeir sem eru í fullu námi geta sótt um atvinnuleysisstryggingar hjá Vinnuáæstofnun **daginn sem þeir klára próf í vor**. Þeir fá greiddar atvinnuleysisbætur frá þeim degi. Að endingu munu allir fá laun í uppsagnarfresti greidd við uppgjör hjá ábyrgðasjóðinum.

## Upplýsingar um námslán frá LÍN – Lánasjóði íslenskra námsmanna

**Umsóknarfrestur:** Ákveðið hefur verið að lengja umsóknarfrest vormisseris 2019 og verður hann til og með 30. apríl 2019.

**Framfærsla:** Hægt er að fá upplýsingar um framfærslu með því að nota reiknivél námslána á heimasíðu LÍN og færa þar inn sínar forsendur. Reiknivélina má finna undir slóðinni:

<https://www.lin.is/namsmenn/namslan/framfaerslulan/reiknivel/>

**Lágmarksnámsárangur:** Fullt nám er 30 ECTS einingar eða ígildi þeirra á hverri önn. Til þess að eiga rétt á námsláni þarf námsmaður að ljúka að minnsta kosti 22 ECTS einingum eða ígildi þeirra.

**Frítekjumark:** Frítekjumark námsárið 2018-2019 er kr. 930.000. Ef námsmaður er að koma af atvinnumarkaði er heimilt að þrefalda frítekjumark hans. Þrefalt frítekjumark er kr. 2.790.000. 45% af tekjum umfram frítekjumark koma til frádráttar á námsláni.

Einfalt frítekjumark námsárið 2019-2020 verður kr. 1.330.000. Ef námsmaður er að koma af atvinnumarkaði, þ.e. námsmaður var hvorki í námi á vormisseri né sumarmisseri 2019, getur hann



### **Vinnumálastofnun**

átt rétt á þreföldu frítekjumarki. Þrefalt frítekjumark verður kr. 3.990.000. 45% af tekjum umfram frítekjumark koma til frádráttar á námsláni.

**Hægt er að óska eftir viðtali í síma eða á skrifstofu sjóðsins hjá sérstökum ráðgjafa sjóðsins í málefnum þeirra sem misst hafa vinnuna nýverið í síma 560-4000 á opnunartíma frá kl. 10:00 - 15:00.**